

Fundargerð 872. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2019, föstudaginn 21. júní kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Aldís Hafsteinsdóttir, Heiða Björg Hilmisdóttir, Gunnar Einarsson, Guðmundur Ari Sigurjónsson, Raket Óskarsdóttir, Bjarni Jónsson, Kristján Þór Magnússon, Ásgerður Kristín Gylfadóttir og Jón Björn Hákonarson sem tók þátt í gegnum fjarfundarbúnað.

Að auki sátu fundinn Karl Björnsson framkvæmdastjóri og sviðsstjórnir Inga Rún Ólafsdóttir, Sigurður Ármann Snævarr sviðsstjóri og Valur Rafn Halldórsson sviðsstjóri, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 871. fundar - 1810033SA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 871. fundar stjórnar sambandsins frá 29. maí 2019.

Fundargerðin var staðfest og undirrituð.

2. Skipulagsmálanefnd sambandsins - 1810076SA

Lögð fram fundargerð 35. fundar skipulagsmálanefndar sambandsins frá 27. maí 2019.

3. Fræðslumálanefnd sambandsins - 1810078SA

Lögð fram fundargerð 120. fundar fræðslumálanefndar sambandsins frá 4. júní 2019. Einnig lagðar fram ályktanir vorfundar Grunns, félags fræðslustjóra og stjórnenda á skólaskrifstofum, vegna 4. liðar fundargerðarinnar.

Bjarni Jónsson kom inn á fundinn kl. 12:20.

4. Verkefnisstjóri til að vinna að stafrænni framþróun í sveitarfélögum - 1901012SA

Lagt fram minnisblað sviðstjóra þróunar- og alþjóðasviðs sambandsins, dags. 5. júní 2019, um verkefnisstjóra til að vinna að stafrænni framþróun í sveitarfélögum.

Samþykkt að ráða verkefnisstjóra í stafrænni framþróun hjá sambandinu. Tilgangurinn er að veita sveitarfélögum stuðning, ráðgjöf og fræðslu til að hagnýta sér og þróa stafræna opinbera þjónustu. Komið verði á fót miðlægu samstarfi sveitarfélaga í þessu skyni. Jafnframt verði lögð sérstök áhersla á að aðstoða ný sameinuð sveitarfélög til að endurskipuleggja og efla þjónustu sína með hagnýtingu stafrænnar þjónustu.

Leitað verður eftir formlegu samstarfi við verkefnastofuna Stafrænt Ísland sem er á vegum fjármála- og efnahagsráðuneytisins og vinnur að þjónustu á þessu sviði á vegum hins opinbera.

Framkvæmdastjóra er falið að tryggja fjármögnun starfsins m.v. gildandi fjárheimildir í fjárhagsáætlun sambandsins og grípa til nauðsynlegra aðgerða svo það markmið náist. Í þeim tilgangi er framkvæmdastjóra m.a. falið að leita eftir allt að 40% kostnaðarþátttöku frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til þriggja ára.

5. Grænbók um framtíðarumhverfi kjarasamninga og vinnumarkaðsmála - 1906015SA

Lagt fram minnisblað forsætisráðuneytisins, dags. 6. júní 2019, um grænbók um framtíðarumhverfi kjarasamninga og vinnumarkaðar.

6. Endurskoðað samkomulag um hlutverk og umgjörð Þjóðhagsráðs - 1601060SA

Lagt fram endurskoðað samkomulag milli forsætisráðherra, fjármála- og efnahagsráðherra, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, Alþýðusambands Íslands, Bandalags háskólamanna, BSRB, Kennarasambands Íslands, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Samtaka atvinnulífsins og Seðlabanka Íslands, um hlutverk og umgjörð Þjóðhagsráðs.

Stjórn sambandsins samþykkir fyrir sitt leyti endurskoðað samkomulag um hlutverk og umgjörð Þjóðhagsráðs. Fyrir hönd sambandsins mun formaður áfram eiga sæti í Þjóðhagsráði og framkvæmdastjóri er varamaður hans í ráðinu.

7. Drög að yfirlýsingu um samstarf sveitarfélaga um loftslagsmál og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna - 1905036SA

Lögð fram drög að yfirlýsingu um samstarf sveitarfélaga um loftslagsmál og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna sem lögð var fram á stofnfundi 19. júní 2019.

Stjórn sambandsins lýsir yfir ánægju með velheppnaðan fund um samstarf sveitarfélaga um loftslagsmál og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og hvetur sveitarfélög til að samþykkja yfirlýsinguna sem fundurinn samþykkti og send verður öllum sveitarfélögum.

8. Álagsprósentur fasteignaskatts - 1904003SA

Lagt fram bréf Alþýðusambands Íslands, dags. 7. júní 2019, um álagsprósentur fasteignaskatts.

Stjórnin minnir á yfirlýsingu Sambands íslenskra sveitarfélaga í tengslum við gerð lífskjarasamninga í apríl sl. þar sem mælt er til þess við sveitarfélögin að þau hækki ekki gjaldskrár sínar á árinu 2019 umfram það sem þegar er komið til framkvæmda. Einnig hefur sambandið hvatt sveitarfélög til þess að á árinu 2020 hækki þau gjaldskrár sínar um 2,5% að hámarki, en minna ef verðbólga verður lægri. Þessi yfirlýsing nær einnig til B-hluta fyrirtækja sveitarfélaga. Að öðru leyti er þessu erindi vísað til sveitarfélaganna.

9. Breytingatillaga við fjármálaáætlun 2020-2024 - 1904008SA

Lögð fram breytingartillaga við tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2020-2024, ásamt nefndaráliti.

Stjórn sambandsins lýsir yfir ánægju með jákvæð viðbrögð fjármála- og efnahagsráðherra, ráðherra sveitarstjórnarmála og fjárlaganefndar Alþingis, við kröfum sveitarfélaga og sambandsins um að fyrirhugð áform um frystingu framlaga til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga árin 2020 og 2021 yrðu dregin til baka, sem nú er raunin í nýsamþykktari fjármálaáætlun fyrir árin 2020-2024.

Jafnframt lýsir stjórnin yfir að sambandið er reiðubúið að taka upp að nýju vinnu við gerð samkomulags ríkis og sveitarfélaga á grundvelli 11. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015.

10. Tilnefning í verkefnisstjórn um gerð landsáætlunar í skógrækt - 1905039SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 14. júní 2019, þar sem Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, borgarfulltrúi Reykjavíkurborgar, og Ágúst Sigurðsson, sveitarstjóri í Rangárþingi ytra, eru tilnefnd í verkefnisstjórn sem hefur umsjón með gerð landsáætlunar í skógrækt. Það þeirra sem ráðherra skipar ekki verður varamaður hins.

11. Tilnefning í verkefnisstjórn um gerð landgræðsluáætlunar - 1905040SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 14. júní 2019, þar sem Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, sveitarstjórnarfulltrúi í Rangárþingi ytra, og Björgvin Skafti Bjarnason, oddviti í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, eru tilnefnd í verkefnisstjórn sem hefur yfirumsjón með gerð landgræðsluáætlunar. Það þeirra sem ráðherra skipar ekki verður varamaður hins.

12. Tilnefning í samráðshóp vegna mansals - 1906010SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til dómsmálaráðuneytisins, dags. 18. júní 2019, þar sem Anna Guðrún Björnsdóttir, sviðsstjóri þróunar- og alþjóðasviðs sambandsins, er tilnefnd í samráðshóp vegna mansals.

13. Tilnefning í verkefnisstjórn sem á að fjalla um landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum - 1906006SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 18. júní 2019, þar sem Guðjón Bragason, sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, er tilnefndur til áframhaldandi setu í verkefnisstjórn sem á að fjalla um landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum.

14. Viðbótarumsögn um frumvarp til laga um hollustuhætti og mengunarvarnir - 1902041SA

Lögð fram til kynningar viðbótarumsögn sambandsins til umhverfisnefndar Alþingis, dags. 3. júní 2019, við frumvarp til laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, 542. mál.

15. Umsögn um Grænbók um málefni sveitarfélaga - 1808018SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, dags. 7. júní 2019, um Grænbók um málefni sveitarfélaga, S-116/2019.

16. Umsögn um tillögu til þingsályktunar um breytingu á þingsályktun nr. 10/148 um fjármálastefnu 2018-2022 - 1801041SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til fjárlaganefndar Alþingis, dags. 7. júní 2019, um tillögu til þingsályktunar um breytingu á þingsályktun nr. 10/148 um fjármálastefnu fyrir árin 2018-2022, 953. mál.

17. Umsögn um drög að leiðbeiningum vegna keðjuábyrgðar í opinberum innkaupum - 1905007SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til fjármála- og efnahagsráðuneytisins, dags. 7. júní 2019, um drög að leiðbeiningum vegna keðjuábyrgðar í opinberum innkaupum.

18. Umsögn um drög að stefnu í málefnum heimilislausra - 1905005SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til Reykjavíkurborgar, dags. 27. maí 2019, um drög að stefnu Reykjavíkurborgar í málefnum heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir.

19. Alþjóðleg leikskólaráðstefna í Osló 2019 - 1810081SA

Lagt fram til kynningar minnisblað Klöru E. Finnbogadóttur, sérfræðings á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, dags. 14. júní 2019, um Early Childhood Education and Care. The Nordic way - Alþjóðleg leikskólaráðstefna í Osló.

Fundi var slitið kl. 13:40

Aldís Hafsteinsdóttir

Heiða Björg Hilmisdóttir

Gunnar Einarsson

Guðmundur Ari Sigurjónsson

Rakel Óskarsdóttir

Bjarni Jónsson

Kristján Þór Magnússon

Jón Björn Hákonarson

Ásgerður Kristín Gylfadóttir

framkvæmdastjóri

ritari